

Vegagerðin
Borgartún 5-7
105 Reykjavík

Hafnarfjörður, 31.01 2024
2024-01-0011
JPJ

Málefni: Ósk um umsögn Hafrannsóknastofnunar vegna fyrirhugaðar brúar yfir Fossvog, í undirbúningi er að sækja um framkvæmdaleyfi fyrir gerð brúarinnar ásamt landfyllingum henni tengdum.

Í erindi dagsettu 10. janúar 2024 óskar Vegagerðin eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar um fyrirhugaða brú yfir Fossvog og landfyllingar henni tengdum.

Hafrannsóknastofnun hafði áður komið með umsögn dagsetta þann 10 janúar 2021 til Skipulagsstofnunar varðandi sömu framkvæmd. Þar mælti Hafrannsóknastofnun með því að leitast verði við að lágmarka neikvæð áhrif eins og unnt er. Mikilvægt að koma í veg fyrir að mengandi efni berist frá framkvæmdum t.d. af völdum olíu og annarra efna sem geta losnað út í umhverfið meðan á framkvæmdum stendur. Jafnframt að framkvæmdaaðilar séu vel upplýstir um umhverfismál áður en framkvæmdir hefjast.

Hafrannsóknastofnum minntist á að æskilegt kynni að viðhafa mótvægisáðgerðir varðandi nýjar landfyllingar, til að mynda að þær yrðu aflíðandi þannig hægt væri að líkja landfyllingum við náttúrulega fjöru. Í umsögn Skipulagsstofnunar er bent á að stærri landfyllingar kynnu að þrengja að vatnsskiptum innar brúar.

Fjallað var um í umsögn Skipulagsstofnunar að skv. frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að á framkvæmdasvæðinu sé strandlína manngerð og grjótvarin, nema á litlu svæði við Kyrhamar. Í núverandi áætlun sem send var til umsagnar er nú einnig gert ráð fyrir vegtengingu norðvestur af fyrirhugaðri brú. Þar er nú þegar fyrir grjótvarin strandlína, en gert er ráð fyrir að ný grjótvarn nái norðar en núverandi, yfir í litla vík þar sem er að finna sendna fjöru. Mjög mikilvægt er að halda í þær náttúrulegu fjörur sem enn er að finna á þessu svæði og valda sem minnstu raski. Hafrannsóknastofnun leggur til að leitað verði allra leiða til að halda raski á sem næst náttúrulegum fjörum í lágmarki.

F.h. Hafrannsóknastofnunar, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna,



Jónas Páll Jónasson, sviðsstjóri botnsjársviðs